

# H.I.P. skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp Sigurðar Guðnasonar um atvinnuleysistryggingar

„Mesta verðmætissóun þjóðfélagsins er vinnufærir menn fá ekki atvinnu“

Hið íslenska prentarafélag hélt fund nýlega til að ræða atvinnumálin. Formaður, Magnús H. Jónsson, skýrði frá því að 15 félagsmenn í H.I.P. gengju nú atvinnulausir. Formaður skýrði frá því að stjórnin hefði, samkvæmt heimild í félagslögum, ákveðið að prentarar skyldu greiða fullt gjald til atvinnuleysis-sjóðsins og mun hækkunin nema 13 kr. gjaldi á viku hjá hverjum vinnandi félagsmanni. Kemur þetta til framkvæmda frá næstu áramótum.

Eftirfarandi tillaga frá Sigurði Guðgeirssyni og Gesti Pálssyni var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn einu:

„Fundur haldinn í Hinu íslenska prentarafélagi, í Alþýðuhúsinu í Reykjavík, 25. nóvember 1951, telur að mesta verðmætissóun þjóðfélagsins sé sú, er vinnufærir menn fá ekki atvinnu, og telur að það sé frumskylda þjóðfélagsins að sjá hverjum vinnufærum þegn fyrir hæfilegri atvinnu, en taka ella á sig ábyrgð þá, er af atvinnuleysi leiðir. Fundurinn telur að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, verði ekki hjá því komið að athuga núverandi ástand í þessum málum og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldur,

sé það ekki fært um að sjá þessum þegnum sínum fyrir nægri atvinnu. — Fyrir því skorar fundurinn á Alþingi það sem nú situr, að samþykkja frumvarp það til laga um atvinnuleysistryggingar, er nú liggur fyrir Alþingi“.

Þá samþykkti fundurinn eftirfarandi tillögu frá Sigurði Guðgeirssyni og Árna Guðlaugssyni:

„Fundur haldinn í Hinu íslenska prentarafélagi, í Alþýðuhúsinu í Reykjavík, 25. nóvember 1951, beinir þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar og Alþingis, að þessir aðilar afnemi nú þegar söluskattinn. Fundurinn telur að skattur þessi sé slík byrði á almenningi, að ekki verði lengur við unað. Einnig beinir fundurinn þeirri áskorun til stjórnarvaldanna, að nú þegar verði aflétt lánsfjárhöftum þeim, er svo mjög hafa torvelað eðlilega þróun iðnaðarins og þá ekki hvað sízt bókaíðnaðarins.“

Ennfremur var samþykkt tillaga frá Páli Bjarnasyni og Björgvin Jónssyni um að leita samkomulags við prentsmiðjueigendur um frekari takmörkun á tölu nýrra nemenda í iðnina.

Á fundinum fór einnig fram kosning fulltrúa félagsins í iðnráð og var Guðmundur Halldórsson endurkjörinn, sem aðal fulltrúi og Gestur Pálsson endurkjörinn sem varafulltrúi.

## Klara Eggertsdóttir fékk 1. verðlaun Aukaverðlaun veitt fyrsta og yngsta þátttakandanum í getraun Íslendingasagnaútgáfunnar.

Dregið var um verðlaun í getraun Íslendingasagnaútgáfunnar í gær.

Alls bárust 381 svar, og af þeim reyndust 25 röng að einhverju leyti. Dregið var úr 256 svörum.

Þessir hlutu verðlaunin:

1. verðlaun kr. 2500.00 Klara Eggertsdóttir, Stórholti 14 Reykjavík, 2. verðlaun 34 bindi Íslendingasagnaútgáfunnar í geitaskinnbandi Friðrik Hjartar, skólastjóri, Akranesi. 3. verðlaun: 34 bindi Ísl. sagnaútg. í skinnbandi Ólöf Einarsdóttir, Sóleyjargötu 19 Reykjavík, 4. verðlaun kr. 1000.00 Grímur Samúelsson, Gunnarsbólma, Ísafirði. 5. verðlaun kr. 500.00 Sigurður Pálsson, Sunnuveg 7, Hafnarfirði.

Útgáfan hefur ákveðið að senda þeim er fyrsta svarið sendi, Sigurjóni Jónssyni, Höfn í Hornafirði, næsta flokk útgáfunnar, Þiðriks sögu af Bern, í viðurkenningarskyni. Einnig mun yngsta þátttakandanum, Sigmundi Franz Kristjánssyni, Róðhóli, Sléttuhlíð, Skagafirði, 10 ára, verða send Þiðriks saga.

# ÞJÓÐVILJINN

Sunnudagur 2. desember 1951 — 16. árgangur — 273. tölublað



Sýning Jóns Engilberts listmálara í sýningarsal Málarsins við Bankastræti hefur vakið mikla athygli og ánægju. Hefur aðsókn verið góð og nokkrar myndir eru þegar seldar. Hér fyrir ofan er konumynd af sýningunni.

## Tvær kraftasýningar í dag

Í dag hefur kraftajötuninn URSUS — Gunnar Salómons-son — tvær sýningar í Hálogalandi, kl. 5 og 9.

Fyrsta sýning Gunnars var á föstudagskvöld og var þá hús fyllir. Leysti Gunnar þrautir sínar á ótrúlegasta hátt og var mikill fögnuður og undrun hjá almenningi.

Á sýningunni í kvöld verða auk aflraunanna glímusýning í hléunum og annast hana glímu menn úr Ungmennafélaginu. Aðgöngumiðar verða seldir í Listamannaskálanum eftir hádegis í dag og ferðir verða frá Ferðaskrifstofunni.

## Munið fundinn í Listamannaskálanum kl. 2 í dag

## Jólasýning — sölusýning opnuð í dag í Listvinasalnum

Í dag verður opnuð jólasýning í Listvinasalnum við Freyju-götu. Verða þar myndir eftir 20 málara, ennfremur höggmyndir, leirmunir, vefnaður, silfurgrípir o. fl.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis. Verður hún opin frá kl. 1—7 nema fimmtudaga og mánudaga er hún opin til kl. 10.

Meðal þeirra málara sem myndir eiga á sýningunni eru Svavar Guðnason, Þorvaldur Skúlason, Kjarval, Júlíana Sveinsdóttir, Nína Tryggvadóttir, Snorri Arinbjarnar, Kristín Jónsdóttir, Jóhannes Jóhannes-

son, Barbara Árnason og Pétur Friðrik. Sýndar eru einungis smámyndir sem kosta flestar frá 100—600 kr., en nokkrar eru upp í 1000 kr. Síðar verður bætt við fleiri myndum.

Þá eru leirmunir frá Funa, þ. á. m. margar nýjar gerðir, margt nýtsamra hluta s.s. bollar, könnur o. fl.

Silfurmunir eru eftir Ásmund Bjarnason og Val Fannar. Ennfremur er til sýnis sveinsstykki Ásdísar Thoroddsen, smíðað úr silfri, skreytt með slípaðri kræklingsskel frá Örfirisey. Þá eru þarna nokkrir munir úr kopar, slegnir af Birni Halldórs syni.

Þá eru á sýningunni listvefnaður eftir Júlíönu Sveinsdóttur og Ásgerði Ester.

Sýningin verður opin til jóla og eru sýningarmunirnir til sölu.

## Ferðabók og skátabók

Bókaútgáfan Setberg hefur sent frá sér tvær nýjar bækur. Nefnist önnur Furðuvegir ferðalangs og er frásögn Richards Halliburtons um 40.000 mílna ferðalag með flugvél um Evrópu, auðnir Afríku og hálendi Asíu, þýdd af Hersteini Pálssyni ritstjóra. Hin er Við varðeldinn, sögu sagðar af Baden-Powell skátahöfðingja, í þýðingu Sigurðar Markúsossonar.

## Hann sem var týndur er fundinn!

Um svipað leyti og stjórnarvöldin tilkynntu að Íslendingar skyldu ekki fá kjöt nema um helgar svo stofuhundarnir í guðs eigin landi gætu fengið nægju sína af íslensku lambakjöti, skýrði Tímian frá því að horfið væri eitt síðprúðasta sveitanautið af þrem er geymd voru í girðingu undir Eyja fjöllum. Tímian hefur síðan öðru hvoru minnst naustins sem hvarf. Voru uppi skemmtilegar bolla- leggingar um hvornig því hefði af vondum mönnum stolið verið. Í gær skýrir Tímian frá því að nautið sem hvarf sé nú fundið — innan nautagirðingarinnar! „Hafði það auðsjáanlega hrapað bar fram af kletti“.

## Kynningarkvöld Listvinasalarins á mánudags- og þriðjudagskvöld

Annað kvöld, mánudagskvöld, kl. 8,30 verður kynningar- kvöld Listvinasalarins. Verða sýndar þar tvær kvikmyndir: Hvernig verður ballett til og Evangelíum steinsins. Verður það endurtekið á þriðjudagskvöldið.

Myndin Hvernig verður ballett til er ensk, sviðsett af Robert Helpmann, sem er einn frægasti karldansari sem nú er uppi í Evrópu. Myndin lýsir stig af stigi, allt frá einföldustu hreyfingum hvernig ballett verður til, Hin myndin, Ev-

angelíum steinsins er frönsk, úr frönskum miðaldakirkjum, saga Krists sýnd í myndum — höggmyndum.

Fyrsta kvöldið er fyrir handhafa skirteina 1—100 en seinna kvöldið fyrir handhafa skirteina 100 og þar yfir.

## MÍR-fundur

Sökum fjölmargra fyrirspurna skal þess getið að MÍR heldur almennan fund í Listamannaskálanum á miðvikudagskvöldið. Munu þar menn úr sendinefndinni til Sovétríkjanna segja frá því sem fyrir bar utan tjalds, og auk þess verður rússnesk kvikmynd.

## MÍR-sýningin

Sýning MÍR um síðustu fimm ára áætlun Sovétríkjanna hefur vakið mjög mikla athygli, enda er þar að fá mjög glögga vitneskju um hinar stórfelldu athafnir Sovétríkjanna og hinar undraverðu framfarir sem leiða af hagkerfi sósíalísma. Skorar Þjóðviljinn á almenning að nota helgina til að kynna sér sýningu þessa. Hún er í húsnáðnum MÍR, Þingholtsstræti 27.

## Samband bindindisfélaga í skólum:

## Skorar á æsku landsins að hafa sem minnst samskipti við setuliðið

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á 20. þingi Sambands bindindisfélaga í skólum, sem haldið var 24.—25. nóvember s. l.:

„20. þing S.B.S. heitir á íslenska æsku að sækja ávallt fram til aukins manndóms og þroska og standa vörð um þjóðleg verðmæti, sérstaklega þó móðurmálið og íslenskt þjóðerni.

Skorar þingið á alla æsku landsins að hafa sem minnst samskipti við hinn erlenda her, sem dvelst í landinu og sýna í umgengni við hann fulla einurð, heilbrigðan þjóðarmetnað og eindrægni.“